

**Nd.**

**645. Breytingartillögur**

[211. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 4. gr. laganna komi:

Verðlagsráð getur falið sérstakri 3ja manna nefnd, sem viðskiptaráðherra skipar, að undirbúa mál, sem lögð skulu fyrir verðlagsráð.

Nefnd þessi skal skipuð verðlagsstjóra, sem er formaður nefndarinnar, einum fulltrúa skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum fulltrúa skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og skulu þeir ekki jafnframt eiga sæti í verðlagsráði. Þá getur verðlagsráð einnig heimilað nefndinni að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál, sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi.

Verðlagsráð getur falið nefndinni eða verðlagsstofnun önnur ákvörðunarefni eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.